

Reykjavík, 07.06.1995

Alþingi

Erindi nr. P 119/60

komudagur 7/6 1995

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltr.
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni, 27. mál.

Vaxandi samkeppni gætir í milliríkjaverslun með matvæli. Leiða má að því rök að það séu hagsmunir Íslendinga að stuðla að þessari þróun, hvetja til þess að matvæli séu lágtolluð og niðurgreiðslur hverfandi þar sem íslenska þjóðin byggir afkomu sína ofar öðru á útflutningi matvæla. Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um að ræða sjávarafurðir. En hvað landbúnaðarframleiðsluna snertir skera Íslendingar sig úr öllum þjóðum í okkar heimshluta að því leyti að útflutningsbætur hafa verið aflagðar hér á landi. Aðrar þjóðir búa við mismikla útflutningsstyrki til að styrkja landbúnað sinn og jafna sveiflur í verslun.

Þetta verðum við að hafa í huga þegar við fetum okkur inn á braut opnari viðskipta með matvæli. Og þess vegna er rangt að líta á verslun með landbúnaðarafurðir einvörðungu út frá þröngum neytendasjónarhóli; skoða verður samkeppnisstöðuna í heild sinni og efnahagslegar og þjóðfélagslegar afleiðingar sem hljóttast af þeim breytingum sem gerðar eru.

Í því frumvarpi sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir mjög kröftugri tollvernd og þar á verði ekki grundvallarbreyting næstu árin. Allt bendir til þess að með frumvarpinu eigi sér engar merkjanlegar breytingar stað þótt nú sé horfið frá þeirri grundvallarstefnu að leggja bann við innflutningi á búvörum. Þetta er ekki frábrugðið því sem gerist með öðrum þjóðum. Þannig komst sérfræðinganefnd OECD að þeirri niðurstöðu í vetur eftir að hafa farið yfir samningstilboð helstu þjóða sem aðild eiga að Gatt-samkomulaginu að það muni ekki leiða til neinna umtalsverðra breytinga á heimsviðskiptum með búvörur allra næstu árin einfaldlega vegna þess að alls staðar verði háir tollmúrar eftir sem áður.


Engu að síður er stigið stórt skref með Gatt-samkomulaginu því með því er búvörum komið inn í ramma almennra viðskipta. Miklar líkur er á því að í næsta skrefi verði alþjóðleg tollvernd með búvörur skorin niður svo um munar. Mikilvægt er að íslenskur landbúnaður verði vel í stakk búinn að mæta þeirri samkeppni sem það mun hafa í för með sér.

Að mati BSRB þjónar það best hagsmunum þjóðarinnar að horfast í augu við þessar breytingar í tíma og bregðast við af raunsæi. Auðvelt er að leiða að því rök að heppilegra væri að stíga stærri skref til lækkunar tollverndar en gert er ráð fyrir í frumvarpinu en mikilvægast af öllu er þó að undirbúa þau skref sem framundan eru.

Í því skyni hvetur BSRB til þess að ríkisvaldið hafi þegar í stað frumkvæði að því að efnt verði til samráðs á milli bændasamtakanna, samtaka launafólks og annarra áhrifaaðila í þjóðfélaginu og þess freistað að ná viðtæku samkomulagi til að búa í haginn fyrir þær breytingar sem framundan eru. Slikt myndi þjóna hagsmunum neytenda, bændu og þar með þjóðfélagsins alls og auðvelda okkur aðlögun að markaðsaðstæðum sem fyrirsjáanlegar eru. Með þessu móti fengjum við stýrt þróuninni en létum ekki stjórnast af henni.

Virðingarfyllst.

f.h. stjórnar BSRB



Ögmundur Jónasson